

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 139/774


komudagur 7.12.2010

Reykjavík 7. desember 2010.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um  
framfararskipan fiskveiðistjórnunar, 44. mál.**

Sjómannasamband Íslands leggst síður en svo gegn þjóðaratkvæðagreiðslum um mikilvæg mál er varða þjóðina miklu. Fiskveiðistjórnun er yfirgripsmikið málefni og getur því verið vandasamt að móta spurningarnar þannig að svörin gefi raunverulega mynd af því sem þjóðin vill í þessu efni. Gæta verður einnig að því að félagsmenn stéttarfélaga innan Sjómannasambands Íslands hafa af því atvinnu að stunda fiskveiðar. Grundvallar breytingar á stjórnkerfi fiskveiðanna geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu þeirra. Ekki er víst að þeir sem taka þátt í hugsanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu um framfararskipulag stjórnkerfisins geri sér að fullu grein fyrir hvaða afleiðingar svör þeirra geta haft á atvinnu þeirra sem nú stunda fiskveiðar. Sjómannasamband Íslands hefur því efasemdir um að þjóðaratkvæðagreiðsla í þessu máli skili þeim árangri sem til er ætlast. Að lokum er rétt að benda á að oft virðist gleymast í umræðunni að mann- og atvinnuréttindi þeirra sem fyrir eru í greininni eru jafn rétt há rétti þeirra sem ekki eru í greininni en vilja komast inn. Stærsta vandamálið varðandi auðlindir sjávar er að um takmarkaða auðlind er að ræða. Það breytist ekki þó grundvallar breytingar verði gerðar á stjórnkerfi veiðanna. Fjöldi þeirra sem kemst að í greininni hlýtur því alltaf að vera takmarkaður.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson